

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð

Fundur nr 5- 2022 þann 16.júlí 2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar í Skagabúð kl. 13:00, mætt á fund voru Bjarney Jónsdóttir, Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Vignir Sveinsson

Erla Jónsdóttir oddviti setti fund og stjórnaði honum, Bjarney Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Kálfshamarsvík
 - a) Deiliskipulag
 - b) Styrkir
2. Lögheimilisfesti Skagabyggðar
3. Bygginga- og skipulagsnefnd
4. Skipulagsnefnd Skagabyggðar, skipan nefndar
5. Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún, skipan í slitanefnd
6. Kjörstjórn - skipan í kjörstjórn
7. Aðalfundur Fjarskiptafélags Skagabyggðar
8. Vinnuskóli Skagabyggðar - verkefni
9. Umsögn um “Drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum”
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3218](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3218)
10. Heimasíða Skagabyggðar
11. Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3230](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3230)
12. Styrkvegafé Vegagerðarinnar - verkefnaskipting
13. Löggæslumál og staða aðgerðarstjórnunar
14. Lánasjóður sveitarfélaga - áræðanleikakönnun
15. Ársreikningur 2021 byggðasamlags um menningu og atvinnu í A-Hún
16. Fundarsköp Skagabyggðar
17. Bréf
 - a. Innviðaráðuneyti varðandi innlegg frá sveitarstjórnnum inn í stefnumótandi áætlanir ríkisins á sviði sveitarfélaga, skipulags- og húsnæðismála
 - b. Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga
 - c. Brynjúlfur Jóhannsson
 - d. KPMG
 - e. Þjóðskrá Íslands
 - f. Rarik
 - g. UST vatnaráðstefna
 - h. Umhverfisráðuneytinu vegna samþykktar á meðhöndlun úrgangs
 - i. Innviðaráðuneyti vegna álitsgerðar sveitarfélaga <250
 - j. Sambandi íslenskra sveitarfélaga v/Landsþing 2022
 - k. Tónlistarskólanum á Akureyri
18. Fundargerðir
 - a. 910. og 911. fundur Sambands Íslenskra sveitarfélaga
 - b. 31.05. Byggðasamlag um menningu og atvinnu í A-Hún
 - c. Aðalfundar Norðurár 20. apríl og stjórnarfundar 1. júní
 - d. Fundargerð 78 og 79. fundar stjórnar SSVN 21 júní og 1. júlí 2022

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð

- e. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 12.07.2022 (bætt inn 15.07.22)

19. Önnur mál

Til umræðu

- Skólamál
- Skólaakstur
- Ljósastaurar
- Girðingarmál
- Innheimtumál
- Styrkir
- Minnkaveiðar

Afgreiðsla mála

1. Kálfshamarsvík

- c) Deiliskipulag
- d) Styrkir

Liður 1a og b Deiliskipulag. Gerð deiliskipulags fyrir Kálfshamarsvík hefur ekki verið lokið og styrkur sem var skilyrtur því, ekki verið greiddur. Vigni og Bjarney er falið að fara yfir það og breytingar sem þarf að gera á tillögu að skipulagi sem unnið var 2018. Svo að unnt sé að klára vinnu við deiliskipulagið og fá greitt fyrir það sem búið er að framkvæma.

2. Lögheimilisfesti Skagabyggðar. Lagt til og samþykkt að lögheimili Skagabyggðar verði flutt til heimilis núverandi oddvita. Erlu Jónsdóttur er veitt full prókúra á bankareininga Sveitarfélagsins.
3. Til skoðunar er að tillögu byggingafulltrúa að leggja niður bygginga og skipulags nefnd á því formi sem hún er til að einfalda framkvæmdir.
4. Stofnuð er skipulagsnefnd í stað nefndar um skipulags og byggingarmál. Í nefndina eru skipaðir Magnús Björnsson, Rafn Sigurbjörnsson og Linda B Ævarsdóttir og til vara eru Elín Rafnsdóttir, Kolbrún Á Guðnadóttir og Baldvin Sveinsson
5. Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún, samþykkt var að skipa Magnús Björnsson í slitanefnd.
6. Kjörstjórn. Samþykkt var að skipa Kolbrúnu Á Guðnadóttur í stað Dagnýju R Úlfarsdóttur sem óskaði eftir lausn frá stjórnarstörfum.
7. Aðalfundur Fjarskiptafélags Skagabyggðar, fundurinn var haldinn á tíma sveitarstjórnarfundar, skýrsla stjórnar og reikningar félagsins var lesin upp og samþykkt.
8. Vinnuskóli Skagabyggðar. Góður rómur er gerður að verkum sem unglíngarnir hafa verið að vinna að. Næg verkefni liggja fyrir, til dæmis við að mála Fossárrétt.
9. Umsögn um “Drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum” Skagabyggð er aðili að yfirlýsingu um að Ísteka fái RML til greina rekstrarkostnað og þá rekstrarþætti þmt verðlagningarmál, hjá bændum og Ísteka sem mestu skipta til að hámarka hag af búgreininni.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð

10. Heimasíða Skagabyggðar er orðin þung í vöfum en töluverða fjármuni kostar að stofna nýja síðu. Ákveðið er að stofna nýja facebook síðu fyrir tilkynningar frá sveitarstjórn.
11. Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3230](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3230). Lagt fram til kynningar.
12. Styrkvegafé Vegagerðarinnar: Sveitarfélagið fékk úthlutað 4 millj króna til framkvæmda á viðhaldi styrkvega. Ákveðið er að auglýsa innan sveitar eftir aðilum til að framkvæma verkin á fyrirfram ákveðnum töxtum.
13. Löggæslumál og staða aðgerðarstjórnunar: Bréf frá aðgerðastjórn almannavarna í héraði á Norðurlandi vestra. Lagt fram til kynningar
14. Lánasjóður sveitarfélaga – áræðanleikakönnun óskað eftir skilríkjum sveitastjórnarmanna.
15. Ársreikningur 2021 byggðasamlags um menningu og atvinnu í A-Hún Lagður fram til kynningar.
16. Fundarsköp Skagabyggðar, ákveðið að sveitastjórnarfundir verði haldnir í alla jafna á öðrum fimmtudegi í hverjum mánuði.
17. Bréf
 - a) Innviðaráðuneyti varðandi innlegg frá sveitarstjórnnum inn í stefnumótandi áætlanir ríkisins á sviði sveitarfélaga, skipulags- og húsnæðismála. Oddvita falið að svara bréfinu.
 - b) Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga Lagt fram til kynningar vísað til fjárhagsáætlunar.
 - c) Brynjúlfur Jóhannsson. Við getum ekki orðið við erindinu.
 - d) KPMG býður sveitastjórn að kynna stórnýsly og fjármál og ýmis verkefni og áskoranir í sveitastjórn. Því er vel tekið, gjarnan í tengslum við næsta fund sveitastjórnar.
 - e) Þjóðskrá Íslands tilkynning um að fasteignaskrá sé flutt til Húsnæðis og mannvirkjastofnunar. Lagt fram til kynningar.
 - f) Rarik ætlar að halda kynningarfund á svæðinu nálægt 26 ágúst. Hreppsnefnd reiknar með að senda fulltrúa á fundinn.
 - g) UST vatnaráðstefna Lagt fram til kynningar.
 - h) Umhverfisráðuneytinu vegna samþykktar á meðhöndlun úrgangs. Laga þarf orðalag samþykktar og auglýsa í stjórnartíðindum. Oddvita falið að ganga frá því.
 - i) Innviðaráðuneyti vegna álitsgerðar sveitarfélaga <250 Oddvita falið að ganga frá málinu
 - j) Sambandi íslenskra sveitarfélaga v/Landsþing 2022 lagt fram til kynningar.
 - k) Tónlistarskólanum á Akureyri. Bjarney gekk af fundi meðan á umfjöllun stóð. Samþykkt og oddvita falið að ganga frá málinu.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð

18. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- a. 910. og 911. fundur Sambands Íslenskra sveitarfélaga
- b. 31.05. Byggðsamlag um menningu og atvinnu í A-Hún
- c. Aðalfundar Norðurár 20. apríl og stjórnarfundar 1. júní
- d. Fundargerðir 78 og 79. fundar stjórnar SSNV 21 júní og 1. júlí 2022
- e. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 12.07.2022 (bætt inn 15.07.22) framkvæmd samþykkt af sveitastjórn með fyrirvara um samþykki landeiganda.

19. Önnur mál

Talsverðar umræður um eftirfarandi mál.

- Skólamál
- Skólaakstur
- Ljósastaurar
- Girðingarmál
- Innheimtumál
- Styrkir
- Minkaveiðar

Vignir vék af fundi kl 16.50.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl 17:55

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson